

VÍ - mr dagurinn



Föstudaginn 3. október munu nemendur Verzlunarskólans etja kappi við nemendur Menntaskólans í Reykjavík á svokölluðum VÍ-mr degi (sem MR-ingar kalla MR-ví daginn). Þessi dagur á sér áratuga langa sögu en upphaf hans má rekja til mikils rígs á milli skólanna, sérstaklega þegar VÍ var við Grundarstíg. Til þess að ná tökum á þessum rígi og viðhalda honum eftir að VÍ flutti í Ofanleitið ákváðu nemendafélög skólanna að virkja hann í þágu skemmtanagildis.

Samkvæmt hefð munu nemendur skólanna mætast í keppni og þrautum í Hljómskálagarðinum um klukkan 15:00. Hápunktur dagsins er ræðukeppni sem fram fer í Bláa salnum hér í Verzló klukkan 19:00 (húsið verður opnað 18:00).



Með henni lýkur formlegri dagskrá á vegum skólanna og er rétt að ítreka að engar frekari skemmtanir eða veisluhöld eru á ábyrgð nemendafélagsins eða skólans.

Rétt er að benda foreldrum og forráðamönnum á að ef þið hafið vitneskju um ólöglegar skemmtanir eða partí getið þið haft samband við lögreglu til þess að stöðva/koma í veg fyrir slíkar samkomur.

Heimsóknir á sal

Hið óformlega skólastarf hefur farið kröftuglega af stað nú í upphafi skólaárs. Með óformlegu skólastarfi er átt við fræðslu sem fram fer utan kennslustofunnar og miðar að því að fræða nemendur um ýmislegt sem ekki er í áfangalýsingum en miðar að því að gera nemendur gagnrýnni á umhverfi sitt og betur í stakk búin til þess að taka þátt í almennri umræðu. Við fengum Andra Snæ Magnason í heimsókn á Degi íslenskrar náttúru og fjallaði fyrirlestur hans um náttúrverndarsjónarmið frá ýmsum hliðum. Magnús Stefánsson frá Maritafræðslunni kom á sal og hitti 6. bekkinga. Fyrirlestur hans var um skaðsemi kannasbisefna og voru bæði nemendur og kennarar ánægðir með þá færðslu. Fimmtudaginn 25. september kom Sigga Dögg í heimsókn og

spjallaði við nemendur um kynheilbrigði ungs fólks. Það er alltaf ánægjulegt þegar nemendur stíga fram og láta sig mál-efni ungs fólks varða og að þessu sinni var það hið ný stofnaða fémínistafélag sem stóð fyrir heimsókninni. Allar þessar heimsóknir ríma vel við Heilsueflandi framhaldsskóla en í ár er áherslan á [lífstíl](#) ungs fólks.




Foreldraráð

Ný stjórn var kosin í Foreldraráð VÍ á aðalfundi 9. september síðastliðinn. Hægt er að kynna sér nýja stjórn á heimasvæði foreldra <http://www.verslo.is/foreldrar/foreldrarfelag/> og þar er jafnframt að finna fundargerðir foreldraráðs ásamt ýmsu öðru efni sem tengist starfi þess.

Mætingar

Í reglum Verzlunarskólans er lögð áhersla á að nemendur mæti vel og sinni náminu af kostgæfni. Reynslan sýnir jafnframt að fyrstu merki þess að nemendum sé hætt við að missa tókin á námi sínu sjáist á mætingunni. Næstu daga munu nemendur sem eru með 10 óútskýrðar fjarvistir eða fleiri fá viðvörunarbréf vegna mætingar. Nemendur sem fá viðvörunarbréf hafa áður fengið tiltal frá umsjónarkennara og þeir hvattir til þess að bæta mætingu sína. Við hvetjum foreldra til þess að fylgjast vel með mætingu barna sinna enda er það er umfram allt ósk okkar að nemendur taki þessum viðvörnum alvarlega svo ekki komi til áminningar.

Dagsetningar prófa



Drög að próftöflu haustannar verða lögð fyrir hagsmunaráð nemenda í næstu viku en öruggar

dagsetningar eru að próf hefjast 28. nóvember og þeim lýkur með sjúkraprófi, annars vegar föstudaginn 12. desember í 3. bekk en hins vegar mánudaginn 17. desember í öðrum bekkjardeildum. Nemendur munu geta séð einkunnir sínar í upplýsingakerfinu föstudaginn 19. desember og verður prófsýning sama dag.